



fréttabréf **bssl**

EFNI BRÉFSINS:

Frá félagi kúabænda	2
Tikynning frá búfjarefirlitismönnum	2
Ný stjórn Bændasamtaka Íslands	3
Gæðasýring í sauðfjárrækt ...	3
Opið fjós á Stóra Ármóti	3
Góð lax og silungsvæði	4

Á DÖFINNI:

- **15. mars**
Námskeið: Mjaltþjónar og bætt mjólkurgæði
kl. 10:00-16:30, Árhúsum á Hellu
- **16. mars**
Hrossaræktarfundur
kl. 20.30, Stekkhól, Hornafirði.
- **19. mars**
Opið fjós á Stóra-Ármóti
kl. 13.30-17.00
- **Jarðræktarfundir**
22. mars kl. 20.00, Smyrlabjörgum í Suðursveit.
23. mars kl. 13.30, Kirkjubæjarklaustri (hótelinu).
23. mars kl. 20.30, Árhúsum á Hellu.
- **23. mars**
Aðalfundur HS
kl. 20.00, Hlíðskjálfi á Selfossi.
- **27. mars**
Ungfolasýning HS
kl. 20.00, Ölfushöllinni.
- **Fræðslufundir sauðfjárræktarinnar**
30. mars kl. 14:00, Háskólafélag Suðurlands Glæðheimum, Tryggvagötu 36, Selfossi
Bókasafn Hvolsskóla, Stóragerði 26, Hvolsvelli.
- **31. mars** kl. 14:00
Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri
Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu Nýheimum, Höfn. Stofa 207
- **21. apríl**
Aðalfundur BSSL,
Kirkjubæjarklaustri.

Jarðræktarfundir

Þrjú jarðræktarfundir verða haldnir á Suðurlandi 22. og 23. mars 2010. Mánudaginn 22. mars kl. 20,00 á Smyrlabjörgum.

- **Nýting búfjáraburðar með tilbúnum áburði.**
- **Grænt eldsneyti úr jurtum og búfjáraburði.**

Fyrirlesari: Þóroddur Sveinsson tilraunastjóri á Möðruvöllum.

Þriðjudaginn 23. mars kl. 13,30 á Icelandair Hóтели Kirkjubæjarklaustri.

Þriðjudaginn 23. mars kl. 20,30 á Árhúsum, Hellu

- **Nýting búfjáraburðar með tilbúnum áburði.**
- **Grænt eldsneyti úr jurtum og búfjáraburði.**

Fyrirlesari: Þóroddur Sveinsson tilraunastjóri á Möðruvöllum.

- **Korn- og grænfóðurrækt.**

Fyrirlesari: Jónatan Hermannsson tilraunastjóri á Korpu.

Á fundina koma einnig jarðræktarráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands. Kaffiveitingar.

Fræðslufundir sauðfjárræktarinnar með breyttu sniði

Vorið 2010 höfum við ákveðið að breyta aðeins fyrirkomulaginu á fræðslufundunum hjá okkur og taka tæknina í okkar hendur. Við munum taka lítil skref í einu og ef þetta fyrirkomulag lukkast vel þá gæti verið að við tækjum fleiri skref á næstu árum.

Fræðslufundirnir verða í gegnum fjarfundarbúnað og verður fundað saman í Árnes- og Rangárvallasýslum og saman í A- og V-Skaftafellssýslum.

Efni fundanna verður með líku sniði og undanfarin ár. Farið verður yfir niðurstöður skýrsluhaldsins árið 2009, veturgamlir hrútar verðlaunaðir fyrir sláturlömb og að þessu sinni verður Guðjón Kristinsson í Ístex gestafyrirlesari. Guðjón mun fara yfir rekstur Ístex og ullarmatskerfið. Léttar veitingar verða í boði á fundunum.

Fundað verður á eftirtöldum stöðum:

Þriðjudagur 30. mars kl. 14:00

Háskólafélag Suðurlands Glæðheimum, Tryggvagötu 36, Selfossi
Bókasafn Hvolsskóla, Stóragerði 26, Hvolsvelli

Miðvikudagur 31. mars kl. 14:00

Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri
Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu Nýheimum, Höfn. Stofa 207

Sauðfjárræktarráðunautar BSSL

Frá Félagi kúabænda á Suðurlandi

Fyrsti fundur félagsráðs FKS á þessu ári var haldinn 16. febrúar sl. Á fundinum fóru m.a. fram kostningar í stjórn en áður hafði formaður félagsins, Þórir Jónsson, verið kosinn á aðalfundi félagsins þann 1. febrúar sl. Arnheiður á Guðnastöðum var endurkjörin ritari félagsins og Elín í Egilsstaðakoti endurkjörin sem gjaldkeri með lófaklappi. Þá voru kosnir fulltrúar félagsins á aðalfundi LK. og Bssl samkvæmt tillögu frá aðalfundi félagsins að vísa kjöri þeirra til félagsráðs.

Á aðalfund Búnaðarsambands Suðurlands sem haldinn verður 21. apríl á Kirkjubæjarklaustri hlutu kosningu: Arnheiður D. Einarsdóttir Guðnastöðum Þórir Jónsson Selalæk Ólafur Helgason Hraunkoti Elín B. Sveinsdóttir Egilsstaðakoti Valdimar Guðjónsson Gaulverjabæ

Kosningu á aðalfund Landssambands kúabænda sem haldinn verður 26.-27. mars á Hótel Sögu hlutu eftirtalin: Þórir Jónsson Selalæk Valdimar Guðjónsson Gaulverjabæ Elín B. Sveinsdóttir Egilsstaðakoti Ólafur Helgason Hraunkoti Katrín Birna Viðarsdóttir Ásólfsskála Guðbjörg Jónsdóttir Læk Sigurður Þór Þórhallsson Öundurhorni Arnheiður D. Einarsdóttir Guðnastöðum Samúel U. Eyjólfsson Bryðjuholti

Á félagsráðfundinum var kynnt afgreiðsla tillögu sem samþykkt var á liðnum aðalfundi um stöðu mjólkurframleiðslu utan greiðslumarks. Tillagan var send sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Fjárhagsstaða bænda rædd sú skoðun kom fram að sjálfsagt er fyrir bændur að hafa ráðgjafa með sér við þessa vinnu, ráðunaut eða löglærða menn. Hvern þann sem bændur treystu best. Hægt að nálgast faglega ráðgjöf hjá

Búnaðarsambandinu en þar hefur verið unnið verulegt starf síðustu misseri varðandi greiningu og stöðumat og jafnframt hefðu starfsmenn Bssl mætt á fundi með einstökum bændum og fulltrúum bankanna.

Þá var upplýst á fundinum af Guðbjörgu á Læk form. Bssl að ákveðið hefði verið að framvegis yrði uppgjör sent til þeirra bóva sem væru efst eftir desemberuppgjör til athugasemda og yfirferðar áður en það yrði birt opinberlega.

Mikil umræða varð um drögin að stefnumörkun kúabænda til næstu ára, SUNNU-verkefnið og tilraunastarfið á St-Ármóti. Almennt voru fundarmenn jákvæðir um að vinna þessi mál áfram í samstarfi félagsins og búnaðarsambandsins og annarra aðila.

Tilraunastarfið á St-Ármóti var rætt og aðkomu kúabænda til að hafa áhrif á tilraunastarfið. Eins væri mikilvægt að fá fréttir af gangi mála á hverjum tíma. Hópur fulltrúa úr félagsráði var skipaður til að vinna að þessu en þeir eru Jóhann í St-Hildisey, Sigurður Þór á Öundurhorni, Ómar í Lambhaga, Guðrún Helga í Skeiðháholti, Ásmundur í Norðurgarði, Bóel Anna á Móeiðarholvi ásamt formanni, Þóri á Selalæk. Ákveðið að formaður kalli hópinn saman.

Á fundinum kom fram hjá Runólfi Sigursveinssyni að svo virtist að próteinhlutfall í mjólk virðist hafa lækkað á svæðinu síðustu vikur í samanburði við sömu vikur í fyrra. Ekki vitað hvað veldur en almennt lækkar próteinhlutfall heldur á þessum tíma árs en nú er fallið mun meira en áður.

Söfnun til Mæðrastyrksnefndar fer vel af stað fyrstu tvo mánuði ársins en hún mun standa út árið. Hægt er að nálgast viljayfirlýsingu um tillag í söfnuna á heimasíðu Bssl/FKS og senda hana til Garðars Eiríkssonar hjá Auðhumlu á Selfossi.

Stefnt er að næsta fundi félagsráðs í mars nk., þar verða m.a. ræddar tillögur til aðalfunda LK og Bssl.

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi

Árshátið Landssambands kúabænda 27. mars nk.

Árshátið Landsambands kúabænda verður haldin á Hótel Sögu laugardaginn 27. mars nk. Miðapantanir eru í síma 563 0300 og er miðaverð 7.000 kr. Herbergjapantanir eru í síma 525 9900. Á síðasta ári tókst árshátiðin með miklum ágætum og vill stjórn FKS hvetja sunnlenska kúabændur til að fjölmenna á hátiðina.

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi

Tilkynning frá búfjárefntilitsmönnum

Vorskoðun er hafin og við viljum því biðja sauðfjábændur um að hafa gæðastýringarmöppur frágengnar og til taks við skoðun.

Búfjárefntilitsmenn

Ný stjórn Bændasamtaka Íslands

Á nýliðnu Búnaðarþingi var kjörin ný stjórn Bændasamtaka Íslands. Haraldur Benediktsson var endurkjörinn formaður með öllum greiddum atkvæðum eða 45. Að auki voru kosnir sex fulltrúar í stjórn samtakanna. Alls gáfu ellefu þingfulltrúar kost á sér til stjórnasetu. Úrslit kosninganna voru þau að Sveinn Ingvarsson í Reykjavíki fékk 45 atkvæði, Jóhannes Sigfússon á Gunnarsstöðum fékk 41 atkvæði, Sigurbjartur Pálsson á Skarði fékk 40 atkvæði, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir á Egilsstöðum fékk 40 atkvæði, Árni Brynjólfsson á Vöðlum fékk 23 atkvæði og Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum fékk 22 atkvæði.

Aðrir sem í kjöri voru fengu minna. Einar Ófeigur Björnsson í Lóni var næstur inn í stjórn og hlaut 20 atkvæði. Þeir Haraldur, Sveinn, Jóhannes og Sigurbjartur sátu allir í síðustu stjórn Bændasamtakanna en þau Vigdís, Árni og Guðný Helga koma ný inn.



Uppstillingarnefnd gerði tillögu um varamenn stjórnar og var hún samþykkt með lófaklappi.

Varamenn eru eftirtaldir;

Guðný H. Jakobsdóttir fyrir Harald Benediktsson
Guðrún Lárusdóttir fyrir Guðnýju H. Björnsdóttur
Fanney Ólöf Lárusdóttir fyrir Jóhannes Sigfússon

Baldur Grétarsson fyrir Vigdís Sveinbjörnsdóttur
Einar Ófeigur Björnsson fyrir Árni Brynjólfsson
Guðni Einarsson fyrir Sigurbjart Pálsson
Guðbjörg Jónsdóttir fyrir Svein Ingvarsson

Gæðastýring í sauðfjárrækt Álagsgreiðslur 2010

Uppgjör álagsgreiðsna vegna gæðastýringar ársins 2009 fór fram 18. janúar sl. Tæp 7.300 tonn af dilkakjöti voru framleidd innan gæðastýringar á árinu. Það eru 90.7% af öllu dilkakjöti sem framleidd voru á árinu.

Upphæð álagsgreiðslunnar reyndist verða kr. 148.64/kg. Samkvæmt búvörusamningi hækka greiðslur samkvæmt samningnum um 2% á milli ára. Miðað við að sama magn af kjöti falli innan gæðastýringar á yfirstandandi ári og í fyrra þá er áætluð greiðsla þessa árs því kr. 151.62/kg.

Á sama hátt þá hækka beingreiðslur um 2%. Greiðslan á árinu 2009 var kr. 5.645 og mun skv. því hækka í kr. 5.758.

Opið fjós á Stóra Ármóti

Föstudaginn 19. mars n.k. frá kl. 13.30 til kl. 17.00 verður opið fjós hjá Tilraunabúinu á Stóra Ármóti þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að skoða aðstöðuna og fræðast um starfsemi búins. Kynntar verða ýmsar tilraunaniðurstöður, sagt frá tilraunum í gangi og undirbúningi. Þá mun Kynbótastöð Suðurlands sýna klaufskurð og boðið verður upp á sýnikennslu í kúadómum.

MS verður með vörukynningu á staðnum og mun m.a. kynna nýja íþróttadrykkinn, Hleðslu.

Auk þessa verða fyrirtæki og þjónustuaðilar á sviði nautgripa- og jarðræktar með kynningu á vörum sínum og þjónustu.

Heitt verður á könnunni og það eru allir velkomnir í opið fjós á Stóra Ármóti.

Búnaðarsamband Suðurlands

Góð lax- og silungsveiði á síðastliðnu sumri. Innköllun veiðiskýrslna

Veiðimálastofnun safnar og vinnur úr skýrslum um veiði lax- og silungs. Þessa dagana eru skýrslur að berast frá sl. ári en nokkuð vantar upp á að allar skýrslur séu komnar í hús. Veiðiréttarhafar og aðrir þeir sem hafa umsjón með skráningu á veiði eru beðnir um að koma veiðiskýrslum til Veiðimálastofnunar sem allra fyrst. Senda má ljósrit af veiðiskýrslum eða senda þær rafrænt. Mikilvægt er að einnig sé greint frá ef veiði hefur ekki verið stunduð.

Samkvæmt bráðabirgðatölum var stangveiðin á laxi á landinu öllu árið 2009 um 72.200 laxar, sem er 14% minni veiði en árið 2008. Stangveiðin var þó sú næst mesta sem skráð hefur verið í íslenskum ám, einungis árið 2008 er ofar í þessum samanburði en þá veiddust 84.124 laxar á stöng. Að þessu sinni veiddust 18.500 laxar í ám þar sem meiri hluti laxa er úr sleppingum gönguseiða, en laxveiði í ám þar sem veiði byggist á náttúrulegum löxum var 53.800 og 29.268 laxar komu úr ám þar sem veiði er viðhaldið með sleppingum gönguseiða (hafbeit). Hafa ber í huga að vaxandi hluti stangveiddra laxa er sleppt aftur eftir að þeir hafa tekið agn, en árið 2008 var hlutfallið um 20%. Af einstöku ám veiddust langflestir laxarnir í Ytri-Rangá og vestri bakka Hólsár alls 10.749 og um 4.300 veiddust í Eystri-Rangá. Umtalsverð veiði á laxi var úr sleppingum í Norðlingafljót, Tungufljót í Biskupstungum, Skógá og Vatnsá. Af öðrum sunnlenskum ám má nefna að lokatölur úr Stóru-Laxá urðu um 640 laxar og í Sogi veiddust um 720 laxar sem er með bestu veiðiárum í báðum þessum ám. Þá varð metlaxveiði í Kálfá.

Bráðabirgðatölur yfir netaveiði á laxi sumarið 2009 benda til þess að hún hafi verið um 8.000 laxar, sem er um 15% minni veiði en á fyrra ári og einungis um 35% meðalveiði áranna 1974-2008. Mikil laxveiði var í net í Þjórsá og er útlit fyrir að veiðin hafi verið um 5.000 laxar sem er næst mesta veiðiárið þar en árið áður veiddust 4.674 laxar í net í Þjórsá sem er þriðja besta veiðiárið. Þá má og geta þess að 458 laxar gengu upp fiskstigann við Búða í Þjórsá í fyrra sem er lagmesta laxgengd þar til þessa. Lax er að nema land á svæðinu ofan stigans við Búða og hefur fiskgeng og uppeldi laxa verið að aukast þar jafnt og þétt.

Tölur um silungsveiði liggja enn ekki fyrir í heild en í Veiðivötnum var silungsveiði sú besta frá upphafi skráningar. Alls veiddust þar 36.069 fiskar. Á stöng veiddust 30.221 fiskar (84%) og 5.848 fiskar komu í net (16%). Alls veiddust 24.185 urriðar og 11.884 bleikjur. Árið 2008 komu 29.687 fiskar á land í Veiðivötnum. Í Veiðivötnum er stunduð öflug fiskrækt sem hefur aukið veiði umtalsvert úr vötnum þar sem hrygningarskilyrði eru takmarkandi þóttur fyrir stofnstærð urriða.



Fiskteljari í Litlu-Laxá við gamla stíflu ofan við Berghyl.

Veiðihlunnindi laxfiska í ám og vötnum landsins eru verðmæt og mjög mikilvæg auðlind ekki síst fyrir hinar dreifðu byggðir landsins. Mikilvægt er að sem bestar upplýsingar liggi fyrir um líffræðilega þætti fiskstofnanna til að byggja á nýtingu og verndun þeirra. Veiðiskráning er mikilvæg í þeim tilgangi. Fiskteljarar, sem komnir eru í allmargar ár gefa mikilvægar viðbótarupplýsingar, það gefa seiðamælingar einnig. Veiðiskráning er einnig nauðsynleg til að meta verðmæti veiðihlunninda. Skráning laxveiði hér á landi er víðast hvar góð og með því besta sem gerist í heiminum. Nokkuð vantar uppá að skráningu á silungsveiði en hún fer batnandi. Á nokkrum svæðum á Suðurlandi er silungsveiði vel skráð, má þar nefna netaveiði í Apavatni, veiði í Veiðivötnum og sjóbirtingsveiði í ýmsum ám í Skaftárhreppi. Verðmæti og eftirspurn eftir silungsveiði hefur farið vaxandi á undanförunum árum og virðist eftirspurn vera aukin. Víða eru ónýttir möguleikar í stangveiði. Með bættri skráningu aukinni aðstöðu og rétttri markaðssetningu má efla veiðinýtingu og tekjur af silungsveiði umtalsvert. Afar mikilvægt er að við stöndum vörð um veiðihlunnindi í ám og vötnum landsins. Þar er lykilatriði skynsamleg nýting og gætni í athöfnum, s.s. seiðasleppingum og verklegum framkvæmdum, sem haft geta áhrif á vöxtur og viðgang náttúrulegra stofna.

Vinsamlega sendið veiðiskýrslurnar til Veiðimálastofnunar, Austurvegi 1, 800 Selfoss, eða Veiðimálastofnunar Keldnaholti, 112 Reykjavík. Þær má einnig senda í bréfasíma: 480-1818 eða á netfangið: sudurlandsdeild@veidimal.is

Guðni Guðbergsson og Magnús Jóhannsson.